

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 17. júlí 1989

sem aðlagar að tækniframförum tilskipanir ráðsins 70/157/EBE, 70/220/EBE, 72/245/EBE, 72/306/EBE, 80/1268/EBE og 80/1269/EBE um vélknúin ökutæki

(89/491/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,eldsneytisnotkun vélknúinna ökutækja ⁽⁷⁾, einkum 3. gr.,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE ⁽²⁾, einkum 3. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 80/1269/EBE frá 16. desember 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi vélarafli vélknúinna ökutækja ⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/195/EBE ⁽⁹⁾, einkum 3. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/436/EBE ⁽⁴⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/245/EBE frá 20. júní 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn rafsegultruflunum frá hreyflum með neista-kveikju í vélknúnum ökutækjum ⁽⁵⁾, einkum 4. gr.,Með tilskipun ráðsins 88/76/EBE ⁽¹⁰⁾, sem breytir tilskipun 70/220/EBE, eru sett skilyrði fyrir notkun blýlauss bensíns. Breytingar sem gera þarf á hreyflum sem þegar eru fyrir hendi til þess að þeir geti notað bensínið fela í sér í mörgum tilfellum tæknileg atriði sem falla undir skilyrði þau sem sett eru í framangreindum tilskipunum. Rétt virðist að auðvelda stjórnarfarslega meðferð á nauðsynlegum breytingum á gerðarviðurkenningu umræddra ökutækja til þess að greiða fyrir aukinni notkun blýlauss bensíns. Einnig virðist nauðsynlegt að kveða nánar á um ráðstafanir í tilskipun 88/76/EBE til að koma í veg fyrir það að bensín með blýi verði látið á ökutæki með mengunarvarnarbúnaði sem gæti skaðast af því. Það er jafnframt rétt að bæta ákvæðum þessarar tilskipunar um nýtt viðmiðunareldsneyti fyrir dísilhreyfla í tilskipun 72/306/EBE þar sem rætt er um reyk-mengun frá þessum hreyflum. Ráðlegt er að nota tækifæri til að aðlaga tæknileg ákvæði tilskipunar 80/1269/EBE ummeð hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/306/EBE frá 2. ágúst 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum ⁽⁶⁾, einkum 4. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 80/1268/EBE frá 16. desember 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 16.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 192, 11. 7. 1987, bls. 43.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 214, 6. 8. 1988, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 152, 6. 7. 1972, bls. 15.⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 190, 20. 8. 1972, bls. 1.⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 36.⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 46.⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. L 92, 9. 4. 1988, bls. 50.⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB nr. L 36, 9. 2. 1988, bls. 1.

vélarafli að ákvæðum í samsvarandi reglugerð frá Efnahagsnefnd Sp fyrir Evrópu.

Æskilegt er að aðildarríki samþykki með viðeigandi innlendum ákvæðum breytingar sem tilskipun þessi felur í sér eins skjótt og við verði komið vegna þess hve brýnt er að slík ákvæði séu í gildi á aðlögunartímabilinu þegar ökutæki sem nota bæði blýbensín og blýlaust bensín verða notuð hlið við hlið.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar eru hér með gerðar á eftirfarandi tilskipunum í samræmi við viðauka við tilskipun þessa:

- tilskipun 70/157/EBE er breytt í samræmi við I. viðauka,
- tilskipun 70/220/EBE er breytt í samræmi við II. viðauka,

- tilskipun 72/245/EBE er breytt í samræmi við III. viðauka,
- tilskipun 72/306/EBE er breytt í samræmi við IV. viðauka,
- tilskipun 80/1268/EBE er breytt í samræmi við V. viðauka,
- tilskipun 80/1269/EBE er breytt í samræmi við VI. viðauka.

2. gr.

Aðildarríkjunum skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1990. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júlí 1989.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

varaforseti.

I. VIÐAUKI

BREYTINGAR VIÐ I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 70/157/EBE

Eftirfarandi liður 6 bætist við:

- „6. ÚTVÍKKUN EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR
- 6.1. **Gerðir ökutækja sem breytt hefur verið til að nota blýlaust bensín**
- 6.1.1. Heimilt er að útvíkka gerðarviðurkenningu svo hún gildi einnig um ökutæki sem hefur verið breytt eða lagað eingöngu til að geta notað blýlaust bensín, eins og tilgreint er í tilskipun 85/210/EBE, ef framleiðandi ábyrgist að hljóðstig frá breytta ökutækinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 5.2.2.1, með fyrirvara þó um samþykki yfirvalda sem veittu gerðarviðurkenninguna.
- 6.2. **Ökutæki sem breytt hefur verið af öðrum ástæðum**
- 6.2.1. Heimilt er að útvíkka gerðarviðurkenningu svo hún gildi einnig um gerðir ökutækis, sem eru ólíkar að því er varðar einkenni í III. viðauka, ef yfirvöld sem veita gerðarviðurkenningu telja að breytingarnar sem gerðar eru hafi að líkindum ekki veruleg neikvæð áhrif á hljóðstig ökutækisins.“

II. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 70/220/EBE

1. Eftirfarandi bætist við í byrjun liðar 2.2:

- „2.2. „Viðmiðunarmassi“: massi ökutækisins tilbúins til aksturs að frádregnum föstum 75 kg vegna ökumanns og að viðbættum föstum 100 kg.“

2. Í stað liðar 3.2.4. komi eftirfarandi:

- „3.2.4. Þegar um er að ræða ökutæki með neistakveikju, yfirlýsing um hvort farið hefur verið eftir 5.1.2.1 (um takmarkaða stærð inntaksopsins) eða 5.1.2.2 (um merkingar) og, í síðara tilviki, lýsing á merkingunum.“

3. Eftirfarandi liðir 5.1.2.1 og 5.1.2.2 bætast við:

- „5.1.2.1. Með fyrirvara um 5.1.2.2 skal hanna inntaksopið á eldsneytisgeyminum þannig að ekki er unnt að fylla geyminn með eldsneytisdeilu sem hefur stút 23,6 mm eða víðara að ytri þvermáli.
- 5.1.2.2. Liður 5.1.2.1 gildir ekki um ökutæki sem uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði, það er að segja –
- 5.1.2.2.1. er hannað og smíðað þannig að blýbensín hafi ekki neikvæð áhrif á neinn búnað til varnar útblásturs mengandi efna, og
- 5.1.2.2.2. sem er merkt á auðsæilegan, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt með merkinu fyrir blýlaust bensín (4.26), sem tilgreint er í ISO-staðli 2757-1985⁽¹⁾, á stað þar sem það sést undireins þegar eldsneyti er látið í geyminn. Aukamerkingar skulu heimilaðar.“

⁽¹⁾ Er sýnt sem nr. 22 í II. viðauka við tilskipun 78/316/EBE.

III. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 72/245/EBE

Eftirfarandi liður 8 bætist við:

- „8. ÚTVÍKKUN EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR
- 8.1. **Gerðir ökutækja sem breytt hefur verið til að nota blýlaust bensín**
- 8.1.1. Heimilt er að útvíkka gerðarviðurkenningu svo hún gildi einnig um ökutæki sem hefur verið breytt eða lagað eingöngu til að geta notað blýlaust bensín, eins og tilgreint er í tilskipun 85/210/EBE, ef framleiðandi ábyrgist að dempun rafsegultruflana frá breytta ökutækinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem tilgreind eru fyrir samræmi í framleiðslu í lið 9 í þessum viðauka.
- 8.2. **Ökutæki sem breytt hefur verið af öðrum ástæðum**
- 8.2.1. Heimilt er að útvíkka gerðarviðurkenningu svo hún gildi einnig um gerðir ökutækja, sem eru ólíkar að því er varðar einkenni í lið 2.2 í þessum viðauka, ef yfirvöld sem veita gerðarviðurkenningu telja að breytingarnar sem gerðar eru hafi að líkindum ekki veruleg neikvæð áhrif á dempun rafsegultruflana frá ökutækinu.“

IV. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á V. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 72/306/EBE

Í stað V. viðauka komi eftirfarandi:

„TÆKNILEGAR FORSKRIFTIR FYRIR VIÐMIÐUNARELDSNEYTI FYRIR PRÓFUN VEGNA GERÐ-ARVIÐURKENNINGAR OG TIL AÐ STAÐFESTA SAMRÆMI Í FRAMLEIÐSLU

Viðmiðunareldsneyti CEC RF-03-A-84⁽¹⁾ (³) (⁷)

	Viðmiðunarmörk og einingar	ASTM-Aðferð
Cetantala (⁴)	lág. 49 hám. 53	D 613
Eðlismassi 15/4°C(kg/l)	lág. 0,835 hám. 0,845	D 1298
Eiming (²) 50% 90%	lág. 245°C lág. 320°C hám. 340°C hám. 370°C	D 86
Endanlegt suðumark		
Kveikjumark	lág. 55°C	D 93
Stíflumark (CFPP)	lág. — hám. - 5°C	EN 116 (CEN)
Seigja 40°C	lág. 2,5mm ² /s hám. 3,5mm ² /s	D 445
Brennisteinsinnihald	lág. (tilgreint seinna) hám. 0,3% af massa	D 1266/D 2622 D 2785
Kopartæring	hám. 1	D 130
Conradson-kolefnisleifar (10% DR)	hám. 0,2% af massa	D 189
Öskuinnihald	hám. 0,01% af massa	D 482
Vatnsinnihald	hám. 0,05% af massa	D 95/D 1744
Sýrutala (sterk sýra)	hám. 0,2 mg KPH/g	
Stöðugleiki oxunar (⁶)	hám. 2,5 mg/100 ml	D 2274
Önnur íblöndunarefni (⁵)		
Kolefnis/vetnis hlutfall	(tilgreint seinna)	

(¹) Jafngildar ISO-aðferðir verða notaðar þegar þær hafa verið gefnar út fyrir eiginleikana sem skráðir eru hér að ofan.

(²) Tölurnar sem skráðar eru sýna heildarmagn eftir eimingu (% sem eftir er + % sem tapast).

(³) Þau gildi, sem gefin eru upp í forskriftunum, eru „raungildi“.

Til að ákveða viðmiðunarmörk hefur reglum ASTM D 3244, *Defining a Basis for Petroleum Product Quality Disputes*, verið beitt og til að ákveða hámark hefur verið gengið út frá lágmarksmun 2R fyrir ofan núll; til að ákveða hámark og lágmark er lágmarksmunur 4R (R = að unnt sé að endurtaka).

Þrátt fyrir þessa mælingu, sem er nauðsynlegt af tölfraðilegum ástæðum, á framleiðandi eldsneytis samt að stefna að núllgildi þótt tilgreint hámark er 2R og að meðalgildi þegar tilgreind eru bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum, skal beita reglum ASTM D 3244.

(⁴) Það svið sem tilgreint er fyrir cetan er ekki í samræmi við kröfurnar um lágmarkssvið 4R. Risi ágreiningur milli eldsneytisframleiðanda og -notanda er þó heimilt að nota reglur ASTM D 3244 til að leysa úr ágreiningi, að því tilskildu að nægilega margar mælingar séu gerðar til að ná tilgreindri nákvæmni frekar en að nota einfaldar mælingar.

(⁵) Í þessu eldsneyti má einungis nota vetniskolefnasambönd úr beinni eimingu og sem eru framleidd með hitaklofnun; heimilt er að hreinsa brennistein úr því. Óheimilt er að nota eldsneyti sem inniheldur íblöndunarefni úr málmum eða cetan-auðgandi efni.

(⁶) Jafnvel þótt eftirlit sé haft með stöðugleika oxunar má telja líklegt að endingartími verði takmarkaður. Leita ber ráða hjá framleiðanda að því er varðar geymsluskilyrði og endingartíma.

(⁷) Verði nauðsynlegt að reikna hitaskil ökutækis eða hreyfils skal reikna varmamyndandi gildi eldsneytis samkvæmt eftirfarandi formúlu:

Eðlisorka (brennslugildi) í MJ/kg =

$$(46,423 - 8,792d^2 + 3,170d)(1 - (x + y + s)) + 9,420s - 2,499x$$

þar sem: d = eðlismassi við 15°C

x = hlutfall vatns miðað við massa (% deilt með 100)

y = hlutfall ösku miðað við massa (% deilt með 100)

s = hlutfall brennisteins miðað við massa (% deilt með 100).

V. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 80/1268/EBE

1. Lið 3.1.1 er breytt sem hér segir:

Orðunum „eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/665/EBE“ er sleppt.

2. Eftirfarandi liður 7 bætist við:

„7. ÚTVÍKKUN EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR

7.1. **Gerðir ökutækja sem breytt hefur verið til að nota blýlaust bensín**

7.1.1. Heimilt er að útvíkka gerðarviðurkenningu svo hún gildi einnig um gerð ökutækis sem hefur verið breytt eða lagað eingöngu til að geta notað blýlaust bensín, eins og tilgreint er í tilskipun 85/210/EBE, með fyrirvara þó um samþykki yfirvalda sem veittu gerðarviðurkenninguna og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

7.1.1.1. Framleiðandi skal staðfesta að eldsneytiseyðsla í hverri prófun fari ekki meira en 5% yfir mælingar sem fengust áður en upprunalega gerðarviðurkennda ökutækinu var breytt. Í slíku tilviki skal staðfesta mælingar frá upprunalegu gerðarviðurkenningunni með útvíkkuninni, eða

7.1.1.2. framleiðandi skal tiltaka breytta mælingu á eldsneytiseyðslu í hverri prófun þar sem farið er meira en 5% yfir mælingar sem fengust áður en upprunalega gerðarviðurkennda ökutækinu var breytt. Í slíku tilviki skal tilgreina nýjar mælingar sem gilda um hina breyttu gerð ökutækisins.

7.2. **Ökutæki sem breytt hefur verið af öðrum ástæðum**

7.2.1. Heimilt er að útvíkka gerðarviðurkenningu svo hún gildi einnig um gerðir ökutækja, sem eru ólíkar að því er varðar einkenni í II. viðauka, ef yfirvöld sem veita gerðarviðurkenningu telja að breytingarnar sem gerðar eru hafi að líkindum ekki veruleg neikvæð áhrif á eldsneytiseyðslu ökutækisins.“

VI. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 80/1269/EBE

1. Í stað liðar 8 komi:

- „8. ÚTVÍKKUN EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR
- 8.1. **Gerðir ökutækja sem breytt hefur verið til að nota blýlaust bensín**
 - 8.1.1. Heimilt er að útvíkka gerðarviðurkenningu svo hún gildi einnig um ökutæki sem hefur verið breytt eða lagað eingöngu til að geta notað blýlaust bensín, eins og tilgreint er í tilskipun 85/210/EBE, með fyrirvara þó um samþykki yfirvalda sem veittu gerðarviðurkenninguna og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - 8.1.1.1. Framleiðandi skal staðfesta að vélarafli hins breytta ökutækis sé enn innan þeirra marka sem sett eru fyrir samræmi í framleiðslu, eins og tilgreind eru í lið 9.2. og fengust áður en upprunalega gerðarviðurkennda ökutækinu var breytt. Í slíku tilviki skal staðfesta tölurnar um vélarafli frá upprunalegu gerðarviðurkenningunni með útvíkkuninni, eða
 - 8.1.1.2. framleiðandi skal gefa upp breytta tölu um vélarafli sem er lægri en fékkst áður en upprunalega gerðarviðurkennda ökutækinu var breytt. Í slíku tilviki skal tilgreina nýjar tölur sem gilda um hina breyttu gerð ökutækisins.
- 8.2. **Ökutæki sem breytt hefur verið af öðrum ástæðum**

Tilkynna ber allar breytingar á hreyflum sem hafa áhrif á einkenni sem skráð eru í 1. eða 2. viðbæti við þessa tilskipun til lögbærra yfirvalda. Yfirvöldin geta síðan annaðhvort:

 - 8.2.1. litið svo á að breytingarnar hafi að líkindum ekki veruleg áhrif á vélaraflið, eða
 - 8.2.2. farið fram á frekari sönnun á vélarafli með prófunum sem álitnar eru nauðsynlegar.“

2. Eftirfarandi komi í stað liðar 9:

- „9. LEYFÐ FRÁVIK VIÐ MÆLINGU NETTÓAFLS
- 9.1. Viðurkenna skal nettóafli sem framleiðandi gefur upp fyrir gerð hreyfils ef það vîkur ekki meira en $\pm 2\%$ frá mælingu sem tækniþjónusta gerir á hreyfli við prófun að því er varðar hámarks hraða og ekki meira en $\pm 4\%$ frá öðrum mælingum á hraðaferlinu með leyfðu fráviki 1,5% fyrir hraða hreyfilsins.
- 9.2. Í þeim prófunum sem gerðar eru til að staðfesta samræmi í framleiðslu skal mæla vélarafli á tveimur hröðum, S1 og S2, sem samsvara hver fyrir sig hámarksafli og hámarkssnúningskrafti eins og viðurkennt hefur verið vegna gerðarviðurkenningar. Nettóafli sem mælt er á a.m.k. einum stað á bilinu S1 $\pm 5\%$ og S2 $\pm 5\%$ skal ekki víkja um meira en $\pm 5\%$ frá viðurkenndu tölunni á þessum tveimur hröðum, með leyfðu fráviki innan við $\pm 5\%$.“